

9. maí 1978.

275

Nr. 174.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum á utanverðu Strandagrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 427 9. desember 1977, um bann við togveiðum á utanverðu Strandagrunni og reglugerð nr. 3 13. janúar 1978, um breytingu á reglugerð nr. 427 9. desember 1977.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1978.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.